

Mánudaginu 14. desembermánaðar.

Nr. 37/1896:

Rjettvísín

gegn

Sigurði Jóhannssyni.

Dómur:

Í máli þessu var hinn ákærði Sigurður Jóhannsson sakaður í hjerði fyrir að hafa raskað heimilisfriði og fyrir brot gegn 298. gr. í alm. hegningarlögum 25. júní 1869, og var hann með dómi sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 31. jan. 1896, sýknaður af ákæru fyrir hið fyrra brotið, en dæmdur í 5 kr. sekt til landssjóðs, til vara 2 daga einfalt fangelsi, fyrir hið síðarnefnda brotið; svo var hann og dæmdur til að greiða allan málskostnað, þar á meðal varnarlaun í hjerði 5 kr. Dómi þessum hefur amtmaðurinn yfir Vesturamtinu skotið til yfirdómsins.

Þar sem hinn ákærði var í hjerði sakaður fyrir að hafa raskað heimilisfriði, þá hefur undirdómarinn með rjettu sýknað hann fyrir þessari ákæru, með því að hið opinbera á ekki sókn á tjeðu broti, sjá 225. og 223. gr. hegningarlaganna.

Að því er síðarnefnda brotið snertir, þá er því svo varið, eptir játningu ákærða sjálfs, að seint í septembermán. 1895 fór hann kvöld eitt inn í hús annars manns á Flateyri í óleyfi, og vildi eigi fara út góðmótlega, þótt honum væri skipað það; var honum þá varpað út úr húsinu með valdi; þá tók ákærði stein og kastaði honum á útidyrhurdina, svo að hjörurnar brotnuðu, en

húseigandi fór þá út og barði ákærða, þangað til hann fór burtu. Með því að eigi verður álitid, að þessi aðferð ákærða hafi verið röskun á almennum friði og eigi var hjer að ræða um brot gegn neinum lögregluákvörðunum, átti hið opinbera eigi heldur sókn málsins, hvað þetta kæratriði snertir, sbr. 298. gr. alm. hegningarlaga, og ber því að sýkna ákærða fyrir ákæru rjettvisinnar, einnig hvað þessu málsatriði viðvíkur. Málskostnað allan í hjeradi og fyrir yfirdómi ber að greiða af almannafje, þar með talin varnarlaunin í hjeradi og málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákvedast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Þvi dæmist rjett vera:

Ákærði Sigurður Jóhannsson á að vera sýkn af ákæru rjettvisinnar í máli þessu. Allur málskostnaður bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi, þar með talin varnarlaun í hjeradi til Gríms kandidats Jónssonar, 5 kr., og málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greidist úr landssjóði.